

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigríður Jónsdóttir
mezzo-sópran
og
Nína Margrét Grímsdóttir
píanó



4. og 6. ágúst 1992 kl. 20:30

Sigríður Jónsdóttir hóf söngnám sitt við Söngskólann í Reykjavík árið 1980 og stundaði síðan framhaldsnám við Háskólann í Illinois í Bandaríkjunum hjá prófessor Mark Elyn og lauk BM prófi frá þeim skóla vorið 1989. Sama ár hlaut hún styrk úr Söngvarasjóði Óperudeildar Félags íslenskra leikara sem hún notaði til námsdvalar í New York veturinn 1989 - 90. Sigríður hefur sungið einsöng með ýmsum kórum, hún kom fram á Listahátíð 1990 á tónleikum tileinkuðum Carl Nielsen og haustið 1991 söng hún á ljóðatónleikum Gerðubergs. Sigríður er nú við nám í New York.

Nína Margrét Grímsdóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1985. Hún hlaut þriggja ára styrk til framhaldsnáms í London frá British Council og lauk diplómaprófi frá Guildhall School of Music and Drama árið 1988 og MA gráðu frá City University í London ári síðar. Undanfarið hefur Nína Margrét dvalist í New York. Hún hefur komið fram sem einleikari og í kammertónlist bæði hérlendis og erlendis.

Efnisskrá

Claude Debussy	Nuit d'étoile Beau soir Romance Mandoline	<i>de Banville</i> <i>Bourget</i> <i>Bourget</i> <i>Verlaine</i>
Johannes Brahms	Wie Melodien zieht es mir Immer leiser wird mein Schlummer Mädchenlied Ständchen	<i>Groth</i> <i>Lingg</i> <i>Heyse</i> <i>Kugler</i>
Francis Poulenc	Banalités Chanson d'Orkenise Hôtel Fagnes de Wallonie Voyage a Paris Sanglots	<i>Apollinaire</i>
Sigvaldi Kaldalóns	Þú eina hjartans yndið mitt	<i>Guðm. Geirdal</i>
Carl Nielsen	Æbleblomst	<i>Holstein</i>
Edvard Grieg	Jeg elsker dig	<i>H.C. Andersen</i>
Jean Sibelius	Flickan kom ifrån sin älsklings möte	<i>Runeberg</i>

Stjörnunótt

Stjörnunótt, undir blæju þinni og í andvara þínum og ilmi andvarpar sorgarharpa. Mig dreymir horfnar ástir. Kyrrlát depurð gagntekur hjarta mitt, og titrandi bíð ég elskunnar minnar í skógi draumsins. Ég sé enn í lindinni okkar auglit þitt, blátt eins og himininn. Þessi rós, hún er andardráttur þinn, og þessar stjörnur eru augu þín.

S.J.

Kvöldfegurð

Þegar sólin sest eru árnar rósrauðar, og mjúk bylgja fer um kornakrana. Frá tilverunni stafar hamingja, sem snertir dapurt hjarta, og gleði yfir því að vera til þegar maður er ungur og kvöldið er fallett. Því við ferðumst eins og fljótið, það til hafs, en við til grafar.

S.J.

Ástarljóð

Mædd og þjád sál, blíð sál, ilmandi sál liljanna sem ég tindi í garði hugsana þinna. Hvert hafa vindarnir feykt sál liljanna? Er ekkert eftir af sælu þeirra daga er þú umvafðir mig elsku þinni, von, ást, hamingju, og friði.

S.J.

Mandólin

Þeir sem syngja mansöngva og þær fögru sem hlusta skiptast á innantómum orðum undir syngjandi greinum.

Hér eru Tircis og Aminte og hinn eilífi Clitandre, og hér er Damis sem yrkir margt kvæði fyrir margt kaldrifjað hjarta.

Stuttir silkijakkar og síðir kjólar með slóða, glæsileiki og gleði og mjúkir bláir skuggar

hvirflast í algleymi undir bleikum og gráum mána, og mandólínið hjalar í titringi golunnar.

Reynir Axelsson

Sem ljúfir söngvar líður það

Sem ljúfir söngvar líður það gegnum huga mér, eins og vorblóm blómstrar það og svífur sem ilmur á braut

En vilji orðið binda það og gera auganu sýnilegt, þá fölnar það eins og þokugrámi og hverfur eins og andvarinn.

En samt sem áður leynist í ljóðinu hulinn ilmur, sem leitar fram úr kyrru kími þegar tárvoft auga vekur hann.

Reynir Axelsson

Ástarsorg

Mér léttir blundur af brá. Sorgir mínar flökta yfir mér eins og slæða. Í draumum mínum heyrir ég þig oft kalla fyrir utan dyrnar. Enginn vakir og opnar fyrir þér. Ég vakna og græt beisklega. Já, ég hlýt að deyja. Þú munt kyssa einhverja aðra þegar ég er kaldur nár. Æ, maívindarnir þjóta. Æ, þrösturinn syngur í skóginum.

Viltu hitta mig einu sinni enn? Komdu, ó komdu fljótt.

S.J.

Stúlkukvæði

Á kvöldin í spunastofunni syngja stúlkurnar og piltarnir úr þorpinu hlæja, hve rösklega hjólin snúast!

Allar spinna í heimanfylgjuna svo að unnustinn kætist. Ekki líður á löngu þar til hringt verður til brúðkaups.

Enginn sem er góður við mig kærir sig um að spyrja eftir mér; mér er svo órótt innanbrjóstis, hvern get ég borið mig upp við?

Tárin streyma niður andlit mitt - til hvers á ég að spinna? Ég veit það ekki.

Reynir Axelsson

Mansöngur

Tunglið er kyrrt yfir fjallinu, alveg eins og fyrir ástfangið fólk; í garðinum niðar brunnur, að öðru leyti er allstaðar hljótt.

Við múrvegginn í skugganum standa þrír stúdentar með flautu og fiðlu og sítar og syngja og spila undir.

Hljómarnir læðast ofurhljótt inn í draum meyarinnar fögru, hún sér fyrir sér unnustann ljóshærða og hvíslar: „Gleymdu mér ei!“

Reynir Axelsson

Hversdagssögur

Söngur frá Orkenise

Kerruekill ætlar sér að fara inn um hliðið við Orkenise. Flækingur ætlar sér að fara út um hliðið við Orkenise.

Og varðmennirnir í borginni hlaupa til flækingsins:
„Hvað hefurðu á brott með þér úr borginni?“
„Eg skil hjarta mitt þar eftir.“

Og varðmennirnir í borginni hlaupa til ekilsins:
„Hvað hefurðu með þér inn í borgina?“
„Hjarta mitt til þess að kvænast!“

Hvílík ósköp af hjörtum í Orkenise!
Varðmennirnir hlógu og hlógu.
Flækingur, vegurinn er grár,
ástin stígur til höfuðs, kerruekill!

Varðmennirnir myndarlegu í borginni
þrjónuðu fyrirtaks vel.
Síðan féllu borgarhliðin
hægt að stöfum.

Hótel

Herbergið mitt er eins og búr
sólskinið réttir handlegginn inn um gluggann
en ég sem vil bara reykja
til að búa til reykmyndir
ég kveiki í sígarettunni með eldi dagsins
ég vil ekki vinna
ég vil reykja

Fen í Vallónalandi

Fullkomið óyndi
greip hjarta mitt í fenjunum eyðilegu
þegar ég var lúinn lagði ég í barrskógunum
frá mér þunga kílómetrana meðan
korraði í vestanvindinum
ég hafði yfirgefið skóginn fagra
íkomarnir urðu þar eftir
pípan mín reyndi að búa til ský á himninum
sem var áfram heiður af hreinni þrjósku

Ég trúði ekki blautri mómýrinni
fyrir neinum leyndarmálum
nema torskildum söng

Beitilyngið sem ilmaði af hunangi
dró til sín býflugurnar
og sárir fætur mínir
tröðkuðu á rauðberjum og bláberjum

Ástúðlega sameinað
norður
norður
krækjar lífið þar
í sterkum trjám
og kræklað
lífið bítur þar
dauðann
læsir í hann tönnum
meðan vindurinn hvín

Ferð til Parísar

Ó hve yndislegt er að segja
skilið við ömurlegt hérað
og fara til Parísar
heillandi Parísar
sem ástin hlýtur eitt sinn að hafa skapað

Andvörp

Ást okkar er stjórnað af
hæglátum stjörnum
en við vitum að í okkur lifa
margir menn
sem koma af fjarlægum slóðum og
eru eitt bak við enni okkar
það er söngur dreyمندanna
sem hafa slitið úr sér hjartað
og bera það í hægri hendi
rifjaðu upp kæra drambsemi allar
minningarnar
um sjómenn sem sungu
eins og sigurvegarar
um gljúfrin í Thule um
milda himna í Ophir
um þá sjúku sem var formælt um þá
sem flýðu skugga þeirra
og um fagnandi heimkomu lánsamra
flóttamanna
þetta hjarta sem löðrar í blóði
og dreymandinn hélt áfram og hugsaði
um sár sitt viðkvæmt
þú munt ekki slíta keðju
þessara orsaka
og kvalafullt og sagði við okkur
sem eru afleiðingar annarra
orsaka
veslings hjartað mitt brostna hjartað mitt
sem líkist hjarta allra manna
hér hér eru hendur okkar sem lífið
hnepti í fjötra
hefur dáið af ást eða svo virðist
vera
er dáið af ást og hér er það
slík eru örlög allra hluta
slíttu því einnig úr þér hjartað
og ekkert verður frjálst allt til
enda veraldar
látum allt hinum dauðu eftir
og felum andvörp okkar

Reynir Axelsson